

KONUR

Í ÍSLENZKRI MYNDLIST



Ásgerður Ester Búadóttir

vefjarlistakona, f. í Borgarnesi 1920, nam við Handíða- og myndlistaskólann og síðan við Listaháskólann í Kaupmannahöfn.

Ólöf Pálsdóttir


myndhöggvari er meðal núlifandi myndlistarkvenna sem teljast starfandi og virkar í myndlistinni, f. í Reykjavík 1920. Hún nam við Listaháskólann í Kaupmannahöfn um árabíl. Ólöf stendur hér hjá höggmynd sinni af Erling Blöndal Bengtson sellóleikara, en eins og Reykvikingar þekkja að minnsta kosti vel, stendur myndin á milli Háskólabíós og Hótel Sögu.

bónda eða stjórna öðrum til þess. Verksvit og metnaður töldust og höfuðkostir hverrar konu, og listrænt handbragð jók til muna á virðingu hennar.

Í ljósi þessa alls er það í alla staði eðlileg þróun, að konan haslaði sér fljótlega völl um frjálsa myndsköpun við hlið karlmannsins, er skilyrði sköpuðust til þess í upphafi aldarinnar. Möguleikarnir til að hasla sér völl á myndlistarsviði hérlandis voru harla litlir á öldum áður, svo sem sagan er til vitnis um. Þannig hafði næsta lítið verið fengist við myndlist, allt frá því að prentlistin kom til sögunnar og ýtti til hliðar hinni fornu og merku list, handritalýsingunum.

En strax í upphafi þjóðernisvakningar nítjándu aldar óx mönnum ásmegin og þá einkum, er liða tók á öldina, og var hér Sigurður Guðmundsson fremstur í flokki. Hann kom einmitt fljótlega auga á gildi og þýðingu hannyrða kvenna, sem hann vegsamaði, og einkum var honum kvenna-búningurinn hugstæður.

Sagan segir okkur og frá fjölda hæfileikamanna á myndlistarsviði, er sumir hlutu viðurkenningar og frama erlendis, og einkum ef þeir slentust þar — þeir voru



að vísu fáir, en fleiri komu til baka og dagaði uppi vegna fátæktar og skilningsleysis.


En strax í upphafi þessarar aldar verða hér miklar breytingar á samfara þeirri þjóðlífsvakningu og umbrotum, er í hönd fóru. Hér nutum við og þeirrar vakningar er átti sér stað í allri Evrópu, og hefði það eiginlega verið næsta undarlegt, ef við hefðum ekki áttað okkur í ljósi fyrri menningararfs.

— Er svo brautryðjendur íslenskrar nútímalistar, þeir Þórarinn B. Þorláksson, Ásgrímur Jónsson, Jón Stefánsson og Jóhannes Kjarval komu fram, voru konurnar ekki langt undan — hér voru þær snöggar á lagið og aldursmunurinn er heldur ekki

mikill. Þannig er Kristín Jónsdóttir fædd árið 1888 og er því ekki nema þrem árum yngri en Kjarval, sem svo aftur var yngstur brautryðjendanna. Júlíana Sveinsdóttir er og fædd ári á eftir Kristínu, og þær tvær teljast fyrstu konurnar, er leggja fyrir sig frjálsa myndlist á Íslandi, en hér fylgir þó Nína Sæmundsson fast eftir.

Allar þessar konur námu við Listaháskólann í Kaupmannahöfn (að undan-gengnu ýmsu fornámi við aðra listaskóla þar) svo sem fyrirrennarar þeirra, Kristín árin 1911—16, Júlíana 1912—17 og Nína 1916—20.

Þegar þær Kristín og Júlíana sneru heim og hófu að mála, var landið svo til ónumið af málurum, — landslagsmálverkið í þró-



Ragnheiður Jónsdóttir,


f. í Reykjavík 1933, telst með virkustu grafiðlistamönnum þjóðarinnar. Hún nam við báða myndlistarskólana í Reykjavík og á Atelier 17 í París.

aðri mynd var þannig alveg nýtt á þeim árum, en þær hlutu hér mikilsverðar leiðbeiningar frá Jóni Stefánssyni. Hann gat miðlað félögum sínum heilmiklum fróðleik úr smíðju franskrar listhefðar eftir nám í skóla Henri Matisse á árunum 1908—10. Jón var hér hinn mikli byggingarmeistari og hafði alla listasöguna, en þó helst meistaran frá Aix sér til fulltingis (Cézanne).

Íslenskar listakonur voru þannig með á nótunum strax í upphafi hérlandrar nútímalistar, þótt þær væru aðeins seinni á ferð, reyndust stórhuga og engu síður opnar fyrir nýjungum en starfsbræður þeirra. Hins vegar fjölgaði þeim ekki að sama skapi næstu áratugi, og kann það að hafa staðið af fordómum ýmiss konar, en það svið er opið til rannsóknar. Konur eru þannig öllu færri í stétt myndlistarmanna en karlar á öldinni, en gerast þó fljótt virkar og atkvæðamiklar ekki síður en karlarnir, og það varðar mestu og er mikil gæfa þeirra, er á eftir fylgdu.


Tökum eftir, að hér hefur ekki þróast nein sérstök og íhaldssöm kvennalist, heldur hafa konur, sem á annað borð voru virkar í listinni, jafnan staðið í eldlínunni við hlið karlanna og ekki viljað vera eftirbátar þeirra.

Þótt hannyrðir væru að mestu forréttindi hefðarkvenna, þá er enginn vafi á því, að listrænar hæfileikar voru ekki síður fyrir hendi hjá almúgakonum — þetta hefur og komið mjög greinilega fram á þessari öld, því að stéttaskiptingin getur engin talist meðal íslenskra listakvenna, og má það einnig heimfæra á íslenska listamenn almennt — þeir spretta upp, hvar sem skilyrði skapast til þroska á listasviði, og aldrei hef ég orðið þess var, að þeir, er hefja ekki lífað á list sinni hérlandis og urðu því að finna henni vaxtarskilyrði annars staðar. Svo var um Júlíönu Sveinsdóttur og Nínu Sæmundsson, og frama sinn byggðu þær Nína Tryggvadóttir, Gerður




Jóhanna Kristín Yngvadóttir,

f. í Reykjavík 1953, er af yngstu kynslóð virkra listakvenna, sem er ekki síður kröfuhörð um menntun sína en hin eldri, þannig nam Jóhanna í 4 ár við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og önnur fjögur ár við Ríkisháskólann í Amsterdam.



Guðrún Arndís Tryggvadóttir,

f. í Reykjavík 1958, nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og þarnæst við Listaháskólann í München í 4 ár. Hún hlaut æðstu viðurkenningu skólans ásamt öðrum nemanda svo og ýmsar aðrar viðurkenningar þar í borg.



Þorbjörg Höskuldsdóttir,

f. í Reykjavík 1939, nam við Myndlistaskóla Reykjavíkur og síðan við Listaháskólann í Kaupmannahöfn um árabil.

Helgadóttir og Louise Matthíasdóttir al-farið á erlendri grund. Að hluta til þær Ragnheiður Ream og Valgerður Hafstað. Fleiri dæmi mætti og nefna svo sem Maríu H. Jónsdóttur, er nam og starfaði í Danmörku, og svo margar aðrar, sem eru minna þekktar.

Íslenskar listakonur á myndlistarvettvangi hafa þannig ekki farið varhluta af erfiðleikum þeim og skilningsleysi, er mætti ýmsum karlmálurunum og neyddi þá til að finna list sinni farveg ytra. Á tímum formbyltingarinnar miklu eftir heimsstyrjöldina síðari var Nína Tryggvadóttir samstiga karlmálurunum og stóð þeim í engu að baki að djörfung og áræði,

og fljótlega bættist svo Guðmunda Andrésdóttir í hópinn, sem alla tíð hefur starfað hérlandis og gildið fyrir það að mörgu leyti. Hið sorglega við íslenska myndlist er, að þeir sem ekki hafa einhvern frama erlendis list sinni til fulltingis, eiga flestir á brattan að sækja, aðhyllist þeir framúr-stefnuviðhorf, sem ekki skara landslags-hefðina. Það er náttúrulega ósköp edlilegt, að á miklum umbrotatímum í sjálfstæðis-baráttu þjóðarinnar eflist þjóðernis-kennin við vitundina um hina miklu menningarlegu arfleifð, sem óspart var hent á lofti og vitnað til í ræðu og riti. Hér voru það bókmenntirnar, sem voru sá þjóðlegi arfur, er á allt annað skyggði.

Menn hófu svo fljótt að uppgötva sér-kenni landsins, hrikaleika þess og sér-kennilega fegurð í ríkum andstæðum og óendanlegri fjölbreytni. Skáldin vegsöm- uðu þessa fegurð, og það var ekki annað en edlilegt, að fyrstu málarnir tækju að festa hana á léreft, enda var hér um ótæm- andi hugmyndanámu að ræða.

Það voru hin ytri sérkenni, er lengi vel réðu ferðinni, og þó í frjálsri mótun og á stundum var þjóðsagan með í leiknum, — álfar og huldufólk mörkuðu þá sviðið.

Hér voru konurnar með í leiknum, en þó í minna mæli en karlarnir, þær héldu sig við svið raunveruleikans, sem þær færðu í stílinn eftir því hvernig andinn

hlés þeim í brjóst hverju sinni og listrænt upplag bauð þeim að gera. Að þessu leyti voru verk þeirra minna bókmenntalegs eðlis en karlanna, og er það þeim til sóma, því að hið bókmenntalega inntak má aldrei yfirgnæfa hin mynd- og sjónrænu lögmál. Annað mál er, að bókmenntaleg áhrif geta verið kveikja og aflvaki myndrænna at- hafna, en menn athugi, að slíkt gerist ekki síður á huglægan en hlutlægan hátt. Sjálf hughrifin geta magnað upp margslunginn myndrænan heim og þannig verið tilefni til mikilla átaka. Það hefur og gerzt, að myndlistin hafi ýtt undir sköpunargáfu skálda og rithöfunda og þá öðru fremur fyrir huglæg áhrif.

Konur í íslenskri myndlist hafa þannig ótvírætt haft þau algildu sannindi skap- andi lista í hávegum að koma á framfæri nýjum og ferskum skilningi á almennum hlutum og fyrirbærum í umhverfinu, bregða nýju og óvæntu ljósi á gamalkunn viðfangsefni, eins og sagt hefur verið „koma mönnum með klækjum listar til þess að hugsa og álykta sjálfir um mikils- verð efni“, í þessu tilviki á vettvangi sjón- lista. Alls þess, sem er auganu hátíð.

Veigurinn í allri myndsköpun er þannig að þrengja sér dýpra inn í heim umhverfis- ins en sjónhimnan ein nemur og gerast hér læs á myndræn atriði — miðla þeim svo til annarra. Þessi óskráðu lög hafa hinar bestu listakonur okkar haft í heiðri, þær voru stoltar í köllun sinni, — listrænt siðgæði þeirra var slíkt, að þær buðu það ekki falt óþroskuðum draumsýnum, þótt harður eðalmálmur væri í boði. Þær áttu því flestar erfitt uppdráttar lengi vel og sumar allt sitt líf, misskildar og vanmetnar af fjöldanum. Fyrir það eiga þær ómælda virðingu skilda.

Hér gildir það að setja sér takmark í upphafi og hvíka ekki frá því.

Þessu skrifti var ekki ætlað að verða sagnfræði, heldur almenn úttekt á stöðu


KONUR

Í ÍSLENZKRI MYNDLIST



Björg Þorsteinsdóttir

f. í Reykjavík 1940, starfar í senn á sviði grafíklistar sem málverksins. Hún nam við báða myndlistarskólana í Reykjavík, Listaháskólann í Stuttgart, Atelier 17 í París svo og Fagurlistaskólann þar í borg.



Hulda Hákonardóttir,

f. í Reykjavík 1956, sem nýverið vakti mikla athygli á Listahátíð kvenna á Kjarvalsstöðum nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og síðan í skúlptúrdeild Skóla sjónlista í New York.

konunnar í íslenskri myndlist og þá aðallega á seinni tímum. Greinin hefur ósjálf-rátt þróast í það að verða eins konar yfirlit og hugleiðing um þátt konunnar og hlutverk í myndlist á breiðum grundvelli, en það væri efni í nýja og sjálfstæða grein að gera þróuninni á allra síðustu tímum ítarleg og verðug skil. — Miklar breytingar hafa orðið hin síðari ár og eru þær einna áþreifanlegastar, hvað snertir ásókn kvenna í listnám svo og sérsýningar ýmiss konar svo og þátttaka á samsýningum heima og erlendis.

Þar til fyrir fáeinum árum voru ungir menn í miklum meirihluta, en nú hefur dæmið snúist við, og um leið hefur almenn ásókn í myndlistadeildir stórkæpt. Hér er þó alls ekki um að ræða, að konur séu að þreifa fyrir sér og fylla upp tómarúm

í tilveru sinni, heldur um markvissa viðleitni, sem er borin upp af engu minni metnaði en hjá karlpeningnum.

Sviðið hefur gjörbreytt á einum áratug eða svo, og fjöldi efnilegra myndlistarkvenna sækir stift fram ásamt því, að tala virkra myndlistarkvenna hefur stórkæpt.

Þessari grein fylgja nokkrar myndir af íslenskum myndlistarkonum við vinnu sína. Hinum þrem fyrstu myndlistarkonum á Íslandi svo og Nínu Tryggvadóttur, sem markaði nýlistum braut við hlið karlmanna og það af einurð og krafti.

Flestar myndirnar eru þó af núlifandi listakonum, sem eru vel virkar í list sinni og mikla athygli hafa vakið — leita ég hér allt til yngstu kynslóðarinnar.

Höfundurinn er listmálari, kennari og listrýnir Morgunblaðsins.

P

egar ég barðist við sjóskrímslið

Pað var í nóvembermánuði 1935. Frost og hreinviðri hafði verið í marga daga og á íshústjörnina á Bíldudal var komið hið ákjósanlegasta skautasvell. Allir unglingar þorpsins höfðu þyrpst á tjörnina og meðal

annara ég, sem þá var 12 ára gamall. Örstutt var frá íbúðarhúsi okkar, Valhöll, niður á tjörnina. Ég gat látið mig renna frá kjallaradyrunum ofan brekkuna og út á svellið, þar sem deginum var eytt í eltingarleiki, alls kyns stökkkúnstir og fl. á skautunum.

Það var komið rökkur, ég sat inni í eldhúsi hjá móður minni eldraður í framan, nýkominn af tjörninni og svolgraði heitt kakó og fékk eplaskífur með rjóma og berjasultu í meðlæti. Það er kominn gestur sagði mamma, þess vegna færðu nú eplaskífurnar. Hann Guðmundur á Sveinseyri er kominn. Hann og pabbi þinn ásamt Eiríki í Dufansdal eru í fasteignamatsnefnd sýslunnar og þeir ætla að vinna hérna heima í nokkra daga. Þegar ég var að ljúka við kakóið kemur pabbi, Agúst Sigurðsson, fram í eldhúsið og segir við mig. „Heyrðu Palli minn, heldurðu að þú treystir þér ekki til þess að fara inn í Dufansdal fyrir mig í kvöld með boð til hans Eiríks hreppstjóra.“ en þá var enginn sími kominn í Suðurfirðina. „Það er alveg rennilogn og eitthvað tunglskin held ég að sé þegar liður á kvöldið.“ Það datt alveg ofan yfir mig, en það kom ekki langt hik á mig, ég sagði óðara, „Jú alveg sjálfsagt.“ „Þú gistir í Dufansdal í nótt,“ sagði hann „og kemur svo úteftir á morgun með honum Eiríki. Það eru engir hestar á járnum núna, svo þú verður að fara gangandi, það er best fyrir þig að leggja af stað eftir kvöldmatinn.“ Vegalengdin inn í Dufansdal eru rúmir 10 km og eitthvað um 2ja tíma gangur, enginn bílvegur þá, aðeins mjór reiðvegur.

Það setti að mér smáhröll þegar pabbi var farinn inn aftur. Mikill dauðans bjálfi hafði ég verið að taka þetta að mér, að fara einsamall alla leiðina inn í Dufansdal í myrkri. Ég hafði alveg gleymt draugunum og fjörolullunum. Var ekki fjörolalli rétt búinn að drepa hann Bjarna Friðriksson skipstjóra undir Svarthömrurum hérna um árið? Hvernig í ósköpunum hafði mér dottið í hug að taka þetta að mér. Ég hefði haft nægar afsakanir, þreyttur eftir daginn á skautunum, slæmur í fæti. Nei, þessu hefði pabbi ekki trúað. Hann vissi að ég var vel úthaldsgóður. Ekki kom til mála að segja að ég þyrði ekki. Jája, það var víst ekki um annað að gera en standa við orð mín og fara, en væri þá ekki rétt að svipast um eftir vopni til þess að hafa með sér?

Ég rölti upp í hjall og skreið upp á hjallloftið, þar urðu fyrir mér tjaldsúlur úr stóra tjaldinu okkar og var járnoddur upp úr öðrum endanum. Mér fannst tjaldsúlan allra álitslegasti broddstafur og ákvað að hafa hana meðferðis og varð mér þá talsvert hægara í sinni. Eftir kvöldmatinn bjóst ég svo til ferðar, pabbi fékk mér bréf til Eiríks hreppstjóra og áminnti mig um að fara varlega, sérstaklega við Otradals-

ENDURMINNING
FRÁ BÍLDUDAL
EFTIR
PÁL ÁGÚSTSSON